

✉ Re: Ósk um umsögn, Urriðafoss, náma, deiliskipulag 2107027 -

Búið til	21.10.2021 12:05:57
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	21.10.2021 12:05:56
Tilheyrir	 202109-0010 - Urriðafoss, náma, deiliskipulag, Umsögn, námu merkt E7 á aðalskipulagi Flóahrepps.

Efni

Re: Ósk um umsögn, Urriðafoss, náma, deiliskipulag 2107027 -

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	21.10.2021 12:05:56	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	stella@utu.is

Innihald

Góðan daginn,

Tilvísun í mál nr. 202109-0010 (IAS,SS).

Vísað er til tölvupósts frá skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs., dags. 8.9.2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um deiliskipulagsillögu fyrir efnistökusvæði við Urriðafoss.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér deiliskipulagsgögnin og gerir ekki athugasemdir við stækkun námusvæðisins. Náman er í hraunlögum frá síð-plíosen eða fyrri hluta ísaldar (0,8-3 milljón ára) rétt suðvestan við jaðar Þjórsárhraunanna. Á svæðinu er eldri náma sem að hluta til er í notkun og að hluta til aflögð og frágengin og svo er náman stækkuð til suðurs þar sem nú er að mestu ræktuð tún. Jarðvegur verður fjarlægður ofan af berggrunninum og svo notaður við frágang að efnistöku lokinni. Áætlað er að nýr Urriðafossvegur fari svo í gegnum námusvæðið. Ekki er að sjá að jarðminjar verði fyrir neikvæðum áhrifum einkum þar sem nýi hluti námunnar er fjær jaðri Þjórsárhraunsins en núverandi náma.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is \(http://www.ni.is/\)](http://www.ni.is)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Stella Rúnarsdóttir" <stella@utu.is>
To: "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "axel.benediktsson@umhverfisstofnun.is" <axel.benediktsson@umhverfisstofnun.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "HSL" <hsl@hsl.is>; "Sigrún Guðmundsdóttir - HSL" <sigrun@hsl.is>; "kristinn@minjastofnun.is" <kristinn@minjastofnun.is>; "Erna Bára Hreinsdóttir - VG" <erna.b.hreinsdottir@vegagerdin.is>; "Rannveig María Jóhannesdóttir - VG" <rannveig.m.johannesdottir@vegagerdin.is>
CC:
Subject: Ósk um umsögn, Urriðafoss, náma, deiliskipulag 2107027 -
Date: 8.9.2021 11:35:04

Góðan daginn

Óskum hér með eftir umsögn ykkar á meðfylgjandi deiliskipulagstillögu sem tekur til námu merkta E7 á aðalskipulagi Flóahrepps.

Tillagan er í auglýsingu frá 8. september til 22. október 2021.

Vinsamlegast staðfestið móttöku.

Bestu kveðjur,

Stella Rúnarsdóttir

Ritari skipulagsfulltrúa

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.

Dalbraut 12, Laugarvatni

Sími: 480 5550

Netfang: [stella@utu.is \(mailto:stella@utu.is\)](mailto:stella@utu.is)

Vefsíða: [www.utu.is \(http://www.sbf.is/\)](http://www.utu.is)

Viðhengi

image001.png (5 KB)